

og faglega ábyrgð lækna. Utan þessa hafa þeir félagsmenn lækna-
félagsins, sem kunna að telja félagsréttindi sín skert með framan-
greindri viðvörun, ekki blandað sér í mál þetta.

Svo sem atvikum er háttað hér, getur vinnuveitandi ekki að áliti
Félagsdóms lagt fyrir dóminn ágreining við stéttarfélag um félags-
réttindi innan þess, auk þess sem það er almennt utan verkahrings
dómsins að dæma um túlkun á stjórnarskrárákvæðum. Ber því að
vísa máli þessu frá Félagsdómi.

Eftir þessum málalokum verður stefnanda gert að greiða stefnda
málkostnað, sem ákveðst kr. 80.000.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands, greiði
stefnda, Læknafélagi Íslands, kr. 80.000 í málskostnað.

Mánudaginn 30. desember 1991.

Nr. 6/1991.

**Starfsmannafélag ríkisstofnana
f.h. Jóhönnu Oddsdóttur**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Kjarasamningur. Staðgengilslaun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg
Benediktsdóttir, Valtýr Sigurðsson og Eiríkur Helgason.

Stefnandi er Starfsmannafélag ríkisstofnana, Grettisgötu 89,
Reykjavík, f.h. félagsmanns síns, Jóhönnu Oddsdóttur, sjúkraliða á

þjálfunar- og þjónustumiðstöðinni að Bræðratungu, Stórholti 15, Ísafirði.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að viðurkennt verði með dómi, að stefnda sé skylt að greiða stefnanda staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 248 fyrir tímabilið 15.6. 1991 til og með 15.7. 1991. Stefnandi krefst og málskostnaðar að mati dómsins ásamt dráttarvöxtum.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, Jóhanna Oddsdóttir, var ráðin hjá stefnda sem sjúkraliði við þjálfunar- og þjónustumiðstöðina að Bræðratungu með ráðningarsamningi, dags. 13. desember 1988, og hefur starfað þar síðan. Forstöðumaður Bræðratungu er Erna Sigurveig Guðmundsdóttir. Vegna sumarleyfis Ernu var Jóhanna beðin um að gegna starfi forstöðumanns tímabilið 15. 6. 1991 til 15. 7. s.á. sem staðgengill forstöðumanns. Báðar taka Jóhanna og Erna laun skv. kjarasamningi SFR, Jóhanna skv. launaflokki 234, en Erna skv. launaflokki 248. Þegar Jóhanna fékk greidd laun fyrir þann tíma, sem hún var staðgengill forstöðumanns, kom í ljós, að henni var greitt eftir launaflokki 241, þ.e. hún fékk 7 launaflokka hækkun vegna staðgengilsstarfsins. Hún telur sig eiga rétt til launa skv. launaflokki Ernu Sigurveigar, þ.e. launaflokki 248, en stefndi hefur hafnað því.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi vísar í kjarasamning aðila frá 1. febrúar 1990. Jóhanna gegnir ekki launuðu staðgengilsstarfi, og átti því grein 9.3.1. í kjarasamningnum við um rétt hennar til launa, meðan hún gegndi staðgengilsstarfinu, en hún hljóðar svo:

„Starfsmaður, sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns, en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns, skal taka laun eftir launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans.“

Stefnandi telur orðalag greinarinnar afdráttarlaust og skýrt um það, að honum beri laun skv. launaflokki Ernu Sigurveigar. Afstaða stefnda er sögð byggjast á þeirri vinnureglu, að starfsmaður geti aldrei hækkað um meira en 7 launaflokka vegna þess, en slík regla hlýtur að víkja gagnvart ótvíræðu kjarasamningsákvæði.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Það ákvæði í kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, hefur verið í kjarasamningum ríkisstarfsmanna lengi. Það kemur fyrst inn í aðalkjarasamningi BSRB 15. desember 1973 og BHM 15. febrúar 1974. Með aðalkjarasamningi BSRB, dags. 25. október 1977, breyttist ákvæðið lítillaga. Ákvæðið í grein 9.3, „aðrir staðgenglar“ sem stefnandi reisir kröfur sínar á, hefur þannig verið óbreytt frá árinu 1977 í öllum kjarasamningum BSRB og BHM og tekið upp orðrétt í samningum hinna einstöku félaga, þegar samningsaðild bandalaganna lauk með lögum nr. 94/1986 og við tóku heildarsamningar við hin einstöku félög.

Í kjarasamningum hefur frá upphafi verið greint á milli annars vegar launaðra staðgengla, sbr. grein 9.2. og annarra staðgengla, sbr. grein 9.3. Í hinu fyrrnefnda tilviki fylgir aðalstarfi viðkomandi að vera staðgengill yfirmannsins, og er tillit til þess tekið í hinum föstu launum. Að staðgengilsskylda fylgi starfinu, er þá yfirleitt tekið fram í ráðningarsamningi viðkomandi eða sérstakri yfirlýsingu. Þeir ganga inn í staðgengilshlutverkið af sjálfu sér án formlegrar ákvörðunar hverju sinni. Hins vegar eru aðrir staðgenglar, sem eru þá valdir sérstaklega hverju sinni. Við þær aðstæður eru engar sérstakar takmarkanir á því, hverjum falið er að leysa yfirmann af hólmi í forföllum hans.

Allt frá tilkomu samningsákvæðisins um staðgengla hefur verið litið svo á af hálfu stefnda, að í stuttri fjarveru yfirmanns sé almennt ókleift að miða við það, að undirmaður í mun lægra launuðu starfi og þá að jafnaði ekki með sömu starfsþekkingu og hæfni geti tekið á sig allar starfsskyldur yfirmanns, er hann leysir af hólmi vegna sumarleyfis, stuttra veikindaforfalla eða annarrar slíkrar fjarveru. Eðli máls samkvæmt hljóti störfín að fara svo fram, að ýmsar starfsskyldur yfirmanns einfaldlega bíði endurkomu hans eða færist yfir á næsta yfirmann þar fyrir ofan. Starfsmaður, sem með þessum hætti grípi um skamman tíma inn í starf yfirmanns, hljóti í flestum tilvikum fyrst og fremst að annast daglegan rekstur og nánast að halda í horfinu. Í slíkum tilvikum sé þannig almennt ekki uppfyllt það skilyrði kjarasamnings, að afleysingamaður „gegni störfum yfirmanns“. Það gerir hann aðeins að hluta til. Almennt sinna slíkir starfsmenn áfram sínu eigin starfi auk

þess að taka þannig við hluta af störfum yfirmanns. Er á því byggt, að þessi almennu sjónarmið eigi við í því tilviki, sem hér er fyrir dómi. Þá fyrst er hægt að líta svo á, að kjarasamningsákvæðið eigi við, að starfsmaður gangi inn í störf yfirmanns um lengri tíma, þannig að forsendur skapist fyrir því, að hann gegni því að fullu.

Stefndi vísar til skýrslu formanns svæðisstjórnar málefna fatlaðra á Vestfjörðum, sem lögð hefur verið fram í málinu og dags. er 17. þ.m. Þar kemur fram, að stefnandi, Jóhanna, axlaði „venjulega“ ábyrgð að nær öllu leyti í fjarveru forstöðumannsins. Enn fremur segir:

„Hún mun þó ekki hafa fært bóhald heimilismanna á sambýli og ekki heldur gert vaktatöflu, en þessir þættir eru báðir með vandasamari verkefnum forstöðumanns. Þessi verkefni voru látin biða forstöðumanns, þegar hann kæmi úr sumarleyfi sínu.

Tekið skal fram, að „7 launaflokka reglan“ hefur gilt gagnvart þeim starfsmönnum, sem gegnt hafa staðgengilsstörfum t.d. á skrifstofu svæðisstjórnarinnar fyrirnefndan tíma og eins í Bræðratungu.“

Framkvæmd þessa samningsákvæðis hefur í samræmi við þetta frá upphafi verið með öðru móti heldur en orðalag þess gæti gefið ástæðu til að ætla. Vinnureglan um sjö launaflokka hækkun varð til strax eftir tilkomu kjarasamningsákvæðisins, eftir því sem best er vitað, og hefur haldist æ síðan. Starfsmenn launaskrifstofu stefnda hafa umboð til að afgreiða laun skv. henni. Eigi að koma til álita að greiða afleysingalaun þar umfram, krefst það sérstaks mats og ákvörðunar yfirmanna í þá veru.

Í reynd hafa félög opinberra starfsmanna, fyrst BSRB og BHM (BHMR) og síðar öll einstök félög innan þessara samtaka, viðurkennt þá framkvæmd í verki, að ekki sé sjálfgefið, að starfsmaður skuli fá laun þess yfirmanns, sem hann gegnir störfum fyrir að einhverju leyti í stuttri fjarvera hans. Þau hafa, að því er best er vitað, ekki heldur komið fram með kröfu um í samningaviðræðum að breyta ákvæðinu, hvorki að efni né orðalagi. Þetta þegjandi samþykki við framkvæmd stefnda á ákvæðinu ber að skoða sem samþykki í reynd við því innihaldi kjarasamningsákvæðisins, sem að framan er lýst. Sérstaklega ber að hafa það í huga, að þetta ákvæði er eins hjá öllum félögum opinberra starfsmanna, sem eru viðsemjendur stefnda, en ekki einungis hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana.

Ekki er vitað til, að komið hafi til ágreinings við aðra viðsemjendur stefnda um þá framkvæmd, sem átt hefur sér stað.

Niðurstaða.

Stefnanda, Jóhönnu Oddsdóttur, var falið að gegna störfum yfirmanns síns, Ernu Sigurveigar Guðmundsdóttur, í forföllum í sumarleyfi frá 15. júní til 15. júlí 1991. Ágreiningslaust er, að stefnandi er ekki í stöðu staðgengils yfirmanns samkvæmt ráðningarsamningi hennar. Skal hún því samkvæmt afdráttarlausu orðalagi greinar 9.3.1. í gildandi aðalkjarasamningi SFR og stefnda taka laun eftir launaflokki yfirmanns, sem eru laun skv. launaflokki 248, þann tíma, er hún gegndi starfi hans.

Ber því að taka kröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.

D ó m s o r ð:

Stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er skylt að greiða stefnanda, Jóhönnu Oddsdóttur, staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 248 fyrir tímabilið 15.6. 1991 til og með 15.7. 1991.

Stefndi greiði stefnanda kr. 50.000 í málskostnað.
